

Krílakot og Kátakot

Fréttabréf mars 2015



Komið sæl

Febrúar er á enda og mikið búið að vera um að vera hjá okkur. Við byrjuðum með tannverndarviku þar sem fræðsla um tennur fór fram, um hvað er hollt og óhollt auk þess sem hlustað var á Kárius og Baktus og horft á myndbandið með þeim félögum. Dagur stærðfræðinnar var á dagskrá til að minna okkur á mikilvægi kennslu í stærðfræði, hugtaka og talnaskilningi strax frá unga aldri.

Dagur leikskólans var þann 6. febrúar og þökkum við foreldrum og öðrum sem tóku þátt í deginum hjartanlega fyrir. Myndbandið sem sýnt var í Bergi er nú komið á heimasíðuna og ykkur til upplýsinga er á dagskrá að taka upp meira efni og spjall við börnin um jafnrétti og kynjahlutverk. Náttfatadagur var í lok mánaðar og mættu börn og fullorðnir í náttfötum með bangsann sinn og átta notalega stund.

Öskudagur, sprennidagur og bolludagur voru að venju í febrúar og mikið fjör þá daga með öllu tilheyrandi.

Foreldrasamtöl og foreldrakönnun er komin vel á veg og ljúkum við þeim nú í marsmánuði eins og frekast er kostur. Þó svo samtöl séu á skipulagi tvisvar á ári þá viljum við minna á að ykkur foreldrum er velkomið að panta samtöl allt árið um kring ef það er eitthvað sem hvílir á ykkur og þið viljið ræða. Einnig má senda tölvupósta á stjórnendur sem svara við fyrsta tækifæri.

Þann 18. mars eru árlegir vetrarleikar á dagskrá og verða þeir nánar auglýstir þegar nær dregur en tímasetningin er frá 10-11. Búningadagur er síðan í lok mánaðar eða 27. mars.

LAP verkefnið okkar sem við kynntum í janúar er enn ekki hafið en við ákváðum að hinkra aðeins meðan þessi veikindi eru að ganga yfir. Þau ætla seint að taka enda en við munum auglýsa vinnufund með þátttakendum um leið og við sjáum að börnin eru farin að hressast.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

Foreldraráð 2014-2015

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Freyr (Þórlaug Diljá)
Karl (Briet Þóra)

Gísli Rúnar (Alexandra og Rakel Erla)
Sunna (Úlfur og Álfrímur)
Myriam (Lea)

Uppbyggingarstefnan

Þann 1. mars var alþjóðlegi hrósdagurinn. Í skólastarfi og uppeldi er mikilvægt að við veitum jákvæðri hegðun barna athygli. Sé hrós notað á markvissan hátt getur það verið áhrifaríkt hvatning og aukið sjálfstraust barna.

Dæmi: „Flott hjá þér að ganga frá óhreinu fötunum þínum“ er nákvæmara en „mikið varstu dugleg(ur)“.

Ef við hrósum á nákvæman hátt veit barnið upp á hár hvaða hegðun verið er að hrósa fyrir. Þannig styrkist hegðunin frekar í sessi. Hrós er jákvætt og ekki fylgt eftir með neikvæðum athugasemdum.

Dæmi: „Frábært að þú skyldir fara strax að læra um leið og ég það þig. Af hverju gerir þú það ekki alltaf frekar en að röfla svona eins og þú gerir svo oft?“

Ef við látum neikvæða athugasemd fylgja hrósinu þá missir það marks. Hætta er á að barnið muni bara eftir aðfinnslunum en ekki hrósinu

Verum dugleg að nota hrósið á uppbyggilegan hátt.

Öryggi



Áhrif

Tilheyrta

Frelsi

Gleði



Söguskjóður

Nú geta foreldrar sem áhuga hafa á að fá Söguskjóðu heim skráð sig í forstofu Hóllakots og Skakkalands. Þær skjóður sem við eigum eru:

1. Pétur og úlfurinn
2. Rauðhetta
3. Hvaða hljóð er þetta litla mús
4. Stígvélaði kötturinn
5. Vinaból
6. Mariúbjallan snjalla
7. Arngrímur apaskott
8. Furðufillinn Elmar

Það vantaði því miður mikið í þær eftir haustönnina sem kostaði mikla vinnu hjá kennurum. Það er mikilvægt að allir fari yfir skjóðurnar áður en þeim er skilað. Skjóðurnar okkar eru með eindæmum flottur efniviður til náms og leiks sem foreldrar unnu og mikilvægt að fara vel með þær svo við fáum að njóta þeirra sem lengst.

Á Skýjaborg mun skjóðan um Bangsimon fara af stað á næstu dögum, hún er í lokavinnslu og hentar vel yngstu börnunum.



Foreldrafélag Krílakots og Kátakots Skólaárið 2014-2015

Harpa (Barri og Viggó)
Katla (Anton Andri og Arnór Atli)
Guðríður (Hákon Bragi)
Júlíana (Einar)
Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Þeyr)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Grænfáni

Við erum dugleg að endurvinna



LAP

Viltu taka þátt í LAP verkefningu okkar. Endilega hafðu samband ef þú vilt vera með. Við byrjum að hittast í mars. Nánari dagsetning auglýst síðar.

LINGUISTICALLY
APPROPRIATE
PRACTICE

